

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 25. maí 2023
UST202305-183/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulag - Stóra-Borg íbúðarsvæði – Grímsnes – og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes og Grafningshrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði fyrir Stóru-Borg í Grímsnes – og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan gengur út á að skilgreina lóðir fyrir íbúðir en svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020- 2032. Svæðið er þar skilgreint sem landbúnaðarland L3, en hluti þess sem L2. Samhliða skipulagslýsingunni er unnið að óverulegri breytingu á aðalskipulagi og mun þá öll lóðin koma til með að vera flokkuð sem L3. Heildarstærð lóðar skv. fasteignaskrá er 54,9 ha.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nefnist Borgarhraun og nýtur það sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Mikilvægt er að fjallað sé um ákvæði laganna og verndun hraunsins í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur